



358. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 4. júlí 2024 kl. 12:00.

Mætt: Lárus L. Blöndal forseti, Elsa Nielsen, Garðar Svansson, Hafsteinn Pálsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Kári Mímisson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs sem ritaði fundargerð.

Á Microsoft Teams: Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Hörður Þorsteinsson gjaldkeri og Daníel Jakobsson.

Forföll: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Hjördís Guðmundsdóttir og Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

Forseti setti fund og stýrði honum.

Vésteinn Hafsteinsson afreksstjóri ÍSÍ var á fundinum fyrstu tvo dagskrárliðina en vék þá af fundi.

Dagskrá:

1. Samantekt skrifstofu

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni skrifstofu þessarar vikunnar, sbr. samantekt skrifstofu sem send var út með fundargögnum.

2. Ólympíuleikarnir í París

Vésteinn Hafsteinsson afreksstjóri ÍSÍ fylgdi eftir minnisblaði frá Afrekssviðinu þar sem fram koma tillögur sviðsins að Ólympíuhópi ÍSÍ á Ólympíuleikunum í París. Fjórir keppendur hafa hlotið keppnisrétt á leikunum. Enn er óvissa varðandi frjálsíþróttirnar þar sem beðið er eftir því að fá niðurstöðu frá öðrum þjóðum um hvort að öll þau sem hafa hlotið þátttökurétt muni þiggja sætin. Eftirfarandi þátttakendur á leikunum staðfestir :

Sund: Anton Sveinn McKee, keppandi í 200 m bringusundi
Snæfríður Sól Jórunnardóttir, keppandi í 100 og 200 m skriðsundi
Eyleifur Ísak Jóhannesson, þjálfari
Sergio Lopez Miro, þjálfari

Príbraut: Guðlaug Edda Hannesdóttir, keppandi
Sigurður Örn Ragnarsson, þjálfari
Geir Ómarsson, flokksstjóri

Skotfimi: Hákon Þór Svavarsson, keppandi í haglabyssu (skeet)
Nicolaos Mavrommatis, þjálfari
Halldór Axelsson, flokksstjóri

Auk ofangreindra munu eftirfarandi einstaklingar skipa fagteymi hópsins á leikunum:

- Örnólfur Valdimarsson læknir
- Hafrún Kristjánsdóttir sálfræðingur
- Róbert Magnússon sjúkraþjálfari
- Pétur Einar Jónsson sjúkraþjálfari
- Nils Guðjón Guðjónsson nuddari.

Í fararstjórn verða:

- Vésteinn Hafsteinsson aðalfararstjóri
- Brynja Guðjónsdóttir aðstoðarfararstjóri
- Kristín Birna Ólafsdóttir aðstoðarfararstjóri
- Halla Kjartansdóttir, fararstjórn utan þorps

Lárus L. Blöndal forseti og Andri Stefánsson framkvæmdastjóri munu sækja leikana í boði Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC). Auk þeirra verður Líney Rut Halldórsdóttir á leikunum á

skráningu sem meðstjórnandi í Evrópusambandi Ólympíunefnda (EOC) og Sigríður Unnur Jónsdóttir sem mun sjá um kynningarmál.

Ef fleiri keppendur bætast við næstu daga þá verður kallað til fundar á Teams til að staðfesta þær viðbætur við hópinn.

Samþykkt að Guðlaug Edda Hannesdóttir og Hákon Þór Svavarsson verði fánaberar við setningarhátíð leikanna þann 26. júlí nk. Þetta verða fyrstu leikar þeirra beggja.

Fundur verður haldinn mánudaginn 8. júlí nk. með þeim sem á landinu eru og fara á leikana og í kjölfarið verður haldinn blaðamannafundur í Íþróttamiðstöðinni þar sem hópurinn verður formlega tilkynntur.

Móttaka verður hjá sendiráði Frakklands á Íslandi síðdegis á mánudag í tengslum við leikana. Einnig er fyrirhuguð móttaka forseta Íslands á Bessastöðum í næstu viku.

3. Erindi til ÍSÍ

Bréf frá menningar- og íþróttasviði Reykjavíkurborgar

Tekið fyrir erindi frá menningar- og íþróttasviði Reykjavíkurborgar þar sem óskað er eftir umsögn ÍSÍ um 11. grein málsmeðferðarreglna borgarráðs um veitingastaði og gististaði, sem samþykktar voru í janúar árið 2017, en þar er að finna þá reglu að „áfengisveitingar í íþróttamannvirkjum í tengslum við íþróttaviðburði eru bannaðar. Undir þetta ákvæði falla áfengisveitingar fyrir eða eftir íþróttaviðburð eða á meðan á honum stendur“. Í bréfinu kemur fram að síðustu ár hafi þó verið fallist á að heimila áfengisveitingar í tengslum við einstaka íþróttaviðburði með áfengisleyfi, eftir umsögn borgarráðs.

Umræður urðu um erindið. Vísað til Stjórnsýslusviðs að leita eftir nánari útskýringum frá Reykjavíkurborg í tengslum við málefnið áður en umsögn verður unnin.

4. Áform um lagasetningu

Í Samráðsgátt stjórnvalda eru nú í kynningu áform um lagasetningu, sbr. samþykkt ríkistjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1. – 4. gr. Um er að ræða endurskoðun Íþróttalaga annars vegar og endurskoðun laga um samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs hins vegar.

Mikilvægt er að tryggja aðkomu ÍSÍ að endurskoðun ofangreindra laga, sem helsti hagsmunaaðili í málaflokknum. Vísað til framkvæmdastjóra og Stjórnsýslusviðs ÍSÍ að fylgja málinu eftir gagnvart ráðuneytinu.

Umræður urðu um hlutverk samskiptaráðgjafa og úrvinnslu. Samþykkt að senda út könnun til ákveðinna eininga innan vébanda ÍSÍ í haust, varðandi nýtingu úrræðisins. Vísað til Stjórnsýslusviðs til afgreiðslu.

5. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerð lögð fram:

- 357. fundar framkvæmdastjórnar. Fundargerðin var samþykkt með fyrirvara um lagfæringu á síðasta undirlíð 2. dagskrárliðar fundargerðarinnar. Lagfærð útgáfa af fundargerðinni verður send út til framkvæmdastjórnar á milli funda, til staðfestingar og niðurstaðan formlega bókuð í fundargerð næsta fundar framkvæmdastjórnar.

6. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru.

7. Næstu fundir

Næstu fundir framkvæmdastjórnar verða 22. ágúst, 12. september og 10. október nk.

8. Önnur mál

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir, fundarritari